



Félag fornleifafræðinga

Tillaga til þingsályktunar um skráningu menningarminja, 218. mál.

Mars 2023
Þórunnartúni 2
105, Reykjavík

Félag fornleifafræðinga fagnar fyrirhugaðri þingsályktunartillögu, telur hana ákaflega vandaða og gleðst yfir því að það skuli viðurkennt að minjavörslu á Íslandi hafi til þessa ekki verið veitt nægilegt fjármagn. Vanfjármögnun málaflokksins hefur lengi sett íslensk menningarverðmæti eins og torfbæi, sundlaugar og þingminjar í sveitum landsins í stórhættu. Í ályktuninni eru tvö göfug markmið nefnd: annars vegar sérstakt átak í skráningu minja sem eru í hættu, svo sem vegna sjávarrofs. Hins vegar efling á skráningu menningarminja almennt og er fornminjasjóður sagður þar gegna mikilvægu hlutverki.

Vísindaleg fornleifafræði er mjög ung grein á Íslandi og okkur skortir enn miklar grunnrannsóknir og gögn um minjar sem aðrar þjóðir eiga tiltæk. Vitneskja um staðsetningu, umhverfi og ástand fornleifa í landinu er algjör frumforsenda markvissra fornleifarannsókna og allrar minjaverndar. Ekki er hægt að vernda eitthvað sem við vitum lítið eða ekkert um. Það er því mjög jákvætt að sjá þessa viðurkenningu á gildi rannsókna og að þær séu forsenda allrar minjaverndar í þingsályktunartillögunni.

Í þingsályktunartillögunni er þó ekki ljóst hvernig umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eigi að úthluta því fjármagni sem stórátak í skráningu menningarminja myndi fela í sér og á hvaða faglegu forsendum slík úthlutun kallaði á. Þetta þarf að skýra til þess að tryggja sem mest gæði gagna sem aflað er á vettvangi og að markmið þingsályktunartillögunnar náist.



Félag fornleifafræðinga

Mars 2023
Þórunnartúni 2
105, Reykjavík

Enn fremur má benda á að skráning minja er lifandi fyrirbæri - henni lýkur aldrei - og ljóst að tímabundið átak mun ekki verða nema viðbót, þótt góð sé, við annars mjög undirfjármagnaðan málaflokk. Sem lítið dæmi þá er Noregur nú í annarri yfirferð fornleifaskráninga yfir landið, en héraendis hefur aðeins tekist að skrá 30% af þeim fornleifum sem við teljum okkur vita um, og við erum enn í fyrstu umferð fornleifaskráningar.

Tillaga:

Félagið fagnar því ef aukið fjármagn fáist í málaflokkinn en leggur til að umhverfis-, loftlags-, og orkumálaráðherra verði sömuleiðis hvattur til þess að auka fjármagn í fornminjasjóð sem er samkeppnissjóður á sviði minjaverndar en sjóðurinn hefur leyfi til þess að leggja sérstaka áherslu á málefni í sinni úthlutun (eins og skráningu minja sem eru í hættu vegna náttúruvára). Það myndi auka gagnsæi við úthlutun á því fjármagni sem ríkið úthlutar til minjaverndar, auk þess sem faglegar forsendur væru þá til staðar til þess að tryggja gæði gagna og að markmið þessara þingsályktunartillögu næði fram að ganga.

Fornminjasjóður hefur lengi verið undirfjármagnaður. Hann hefur verið um 40 milljónir á ári a.m.k síðan 2013 og hefur fjármagn til hans, ef ekki eru taldar tímabundnar fjárveitingar seinustu tvö ár, því staðið í stað á meðan sambærilegir sjóðir hafa yfirleitt fengið aukningu. Samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofunnar ætti fornminjasjóður að fá um 60 milljónir á fjárlög hvers árs til þess að halda í við verðlagsþróun. Það er augljóst að sjóður sem fær mjög lítið fjármagn á ári nær ekki að sinna nauðsynlegum rannsóknum, skráningu menningarminja eða minjavernd á viðhlítandi hátt.

Leið til að fjármagna tillögu Félags fornleifafræðinga: Einföld lausn til þess að fjármagna fornminjasjóð svo hann nái grunnmarkmiðum sínum að, vernda minjar og rannsaka,



Mars 2023
Þórunnartúni 2
105, Reykjavík

er að laga það ójafnvægi sem ríki milli framlaga ríkisins til húsverndunar annars vegar og minjaverndar hins vegar. Ekkert fjármagn frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga fer núna í fornminjasjóð en jöfnuðarsjóður tekur m.a. þátt í að fjármagna húsavernd á Íslandi. Réttast væri að rétta af þennan mikla halla sem er á milli fjármögnunar á verndun húsa og verndun fornminja.

Félag fornleifafræðinga gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um skráningu menningarminja en er reiðubúið að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um fornleifar og stöðu skráningar á fornleifum, standandi byggingum og öðrum minjum, sé þess óskað.